



## Fundargerð

**505. fundur sveitarstjórnar  
Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,  
mánudaginn 29. apríl 2024.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 12.34.

### Fundargerð til staðfestingar

1. 2404000F - Skipulagsnefnd - 192

- 1.1 2401032 - Ásar 1

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 192

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.2 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 192

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, þegar samþykkt aðalskipulag liggur fyrir.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.3 2403005 - Teygingalækur-breyting á deilskipulagi

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 192

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, frestar afgreiðslu málsins, þar sem auglýsingatími er ekki liðinn fyrr en 20. maí næstkomandi.

### Fundargerðir til kynningar

2. 2404004 - Kirkjubæjarskóli á Síðu

*Lögð fram fundargerð skólaráðs, frá 19. mars 2024.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 2404001 - Vatnajökulsþjóðgarður

*Lögð fram fundargerð 115. fundar svæðisráðs vestursvæðis, frá 16. apríl 2024.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS AR  
SÍÐ JKR  
BS



4. 2404007 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

*Lögð fram 234. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 21. mars 2024 ásamt ársreikningi ársins 2023.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2404002 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 71. fundar stjórnar, frá 8. apríl 2024.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. 2404003 - Umhverfisstofnun

*Lögð fram fundargerð 3. fundar samstarfshóps um fyrirhugaða friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs, frá 14. mars 2024.*

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps mun ekki gera athugasemdir við skilmála vegna friðlýsingar Fjaðrárgljúfurs.

### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. 2404000 - Samstarfsyfirlýsing um öruggara Suðurland

*Afgreiðsla á þessum dagskrárið fór fram með rafrænum hætti á milli funda sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn samþykkti samstarfslýsinguna og fól sveitarstjóra að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkti einnig að skipa þær Svövu Davíðsdóttur og Ingu Jöru Jónsdóttur í framkvæmdateymi sem vinnur á milli árlegra funda svæðisbundins samráðs.

8. 2404005 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Boð á aukaaðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn verður 7. júní næstkomandi í Vestmannaeyjum.*

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar á aukaaðalfund, sem haldinn verður í Vestmannaeyjum, þann 7. júní næstkomandi verði Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson. Til vara verði Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson og Bergur Sigfússon.

9. 2404006 - Trappa þjónusta ehf.

*Lagður fram samningur á milli Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps við Tröppu þjónustu vegna þjónustu talmeinafræðings í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna.*

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan samning á milli Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps við Tröppu þjónustu.

BHS  
Sni  
BS  
AK  
JH



10. 2404009 - Sameining stofnana sveitarfélagsins

Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum (JG, AG, BHS og BS) að sameina Kirkjubæjarskóla á Síðu og Heilsuleikskólann Kærabæ.

Mun sameiningin taka gildi frá og með 1. ágúst 2024, fram að þeim tíma verður leitað eftir samráði við nærumhverfi um fyrirkomulag og rekstur á nýrri stofnun sveitarfélagsins.

Náðst hefur samkomulag við Katrínú Gunnarsdóttur, skólastjóra, Kirkjubæjarskóla á Síðu, um starfslok hennar sem verða þann 31. maí 2024, vegna skipulagsbreytinga þ.e. vegna sameiningar skólastiga í Skaftárhreppi sem felur í sér að staða skólastjóra í núverandi mynd verður lögð niður.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir jafnframt að ráða Valgeir J. Guðmundsson, sem verkefnastjóra frá og með 1. maí 2024, vegna verkefna sem tengjast framkvæmd sameiningarinnar. Jafnframt mun Valgeir taka að sér stjórn leikskóla fram að sameiningu stofnana.

SHJ greiddi atkvæði á móti tillögunni og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Á fundi dags. 29.4.2024 vil ég, Sveinn H Jensson, sveitarstjórnarfulltrúi

fyrir xd og óháða, mótmæla áformuðu ákvörðun um sameiningu

Kirkjubæjarskóla á Síðu og Heilsuleikskólans Kærabæjar á

Kirkjubæjarklaustri sem tilkynnt var á fundi sveitarstjórnar sama dag.

Ég tel að ákvörðunin hafi ekki verið nægilega vel unnin né kynnt fyrir nefndum og íbúum sveitarfélagsins, eins og krafist er samkvæmt lögum og reglum um gagnsæi og íbúapháttöku. Slík ákvörðun krefst umfjöllunar og samráðs við hlutaðeigandi nefndir og á að vera grundvölluð á ítarlegri greiningu og mati á afleiðingum sameiningarinnar fyrir samfélagið.

Í ljósi þess óska ég eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Aðgang að skýrslu um frumathugun sameininga þessara stofnana.
- Greiningu á þeim rökum sem liggja að baki því að setja skólastarf leik- og grunnskóla undir sömu stofnun.
- Upplýsingar um áætlaðan fjárhagslegan og faglegan ávinning af sameiningunni.
- Umsagnir frá foreldrafélögum viðkomandi skólastofnana.
- Skýringar á því af hverju ekkert samráð var haft við xd og óháða, þar sem eðlilegt er að svona stórra breytingu sé unnið þverpolítiskt og málid unnið á breiðum vettvangi.
- Rökstuðningur fyrir því af hverju ekki hefur verið auglýst eftir verkefnastjóra til að stýra sameiningarferlinu.
- Upplýsingar um hvaða áhrif þessi sameining hefði á stjórnunarstöður innan nýrrar stofnunar.

Ég krefst þess að málid verði tekið til endurskoðunar og að frekari greining og umræða fari fram í viðeigandi nefndum. Það er nauðsynlegt að tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar hafi tækifæri til að koma að málum og láta skoðun sína í ljós áður en frekari ákvarðanir eru teknar.

BHS AL  
SHE BS  
JG.



Ég bið um að bókun þessi verði tekin til formlegrar meðferðar í sveitarstjórn og að íbúar Skaftárhrepps fái tækifæri til að kynna sér málid og koma að málum áður en lengra er haldið.“

Fundarhlé gert á fundinum klukkan: 13.46

Fundi framhaldið klukkan 14.03

Ö-listi óskar bókunar.

„Svör við umbeðnum upplýsingum munu meðal annars koma fram í þeirri vinmu sem fara mun fram á næstu vikum. Í þeirri vinmu mun verkefnastjóri sjá til þess að unnið verði með íbúum að skipulagningu sameiningarinnar. Fulltrúar Ö-lista vonast til að þessi sameining muni leiða til betra skólastarfs faglega, fjárhagslega og ekki hvað síst félagslega fyrir skjólstæðinga stofnananna, starfsmenn þeirra og samfélagið allt.

Eins og fram kom í stefnuskrá Ö-lista eru skólamál þeim hugleikin. Þar kemur fram að mikil fjölgun hafi orðið á börnum í báðum skólum og skiptir velferð þeirra mestu málí og að allt samstarf í kringum skólastarfið í heild þurfi að fara smurt fram og ávalt með hagsmuni barnanna að leiðarljós. Teljum við að þessi sameining muni hjálpa til við það.“

SJH lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég, Sveinn H. Jensson, oddviti lista xd og óháðra, tilkynni hér með afsögn mína sem annar varaoddviti sveitarstjórnar Skaftárhrepps, í ljósi nýlegra atburða og ákvarðana sem hafa verið teknar án þess að tryggja opna og gagnsæja stjórnsýslu sem við höfum lofað íbúum sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að stjórnsýsla sé opinská og að íbúar séu virkjaðir í ákvörðunartöku sveitarfélagsins. Því miður hefur þessi grunnstoð okkar stefnu ekki verið virt í nýlegum ákvörðunum sem varða sameiningu stofnana innan sveitarfélagsins, sérstaklega er kemur að skólastarfi.

Þessar ákvarðanir geta leitt til enn frekari sundrunugar innan okkar samfélags, sem gæti haft langvarandi neikvæð áhrif.

Einnig er vert að taka fram að sveitarstjórn hefur afar sjaldan vísað málum til nefnda, sem hamlað hefur faglegri og ítarlegri umfjöllun sem er nauðsynleg fyrir vel ígrunduð ákvarðanatöku.

Með þessari afsögn vil ég einnig vekja athygli á mikilvægi þess að endurmetsa nýverandi stefnu og vinnubrögð innan sveitarstjórnar Skaftárhrepps, til að tryggja að íbúalyðræði og gagnsæi séu í forgrunni allra ákvarðana.“

Hlé var gert á fundinum klukkan 14.08

Fundi framhaldið klukkan 14.11

11. 2404008 - Trúnaðarmál

Niðurstaðan færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

BHS  
SNI AL  
BS  
JG



Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 14.31

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Bergur Sigfússon  
Bergur Sigfússon

Sveinn H. Jensson  
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir.  
Auður Guðbjörnsdóttir